

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 271. stjórnarfundar 17.10 2018.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 272. stjórnarfundar 01.11 2018.
- ✓ Varasjóður húsnæðismála, könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga 2017.
- ✓ Þjóðskrá Íslands, ársskýrsla 2017.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:10



Gleðileg jól!

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



Desember 2018

Aukablað fundargerðir

Sími: 480 5500 | Netfang: gogg@gogg.is



Grímsnes- og



Grafningshreppur

SVEITARFÉLAGIÐ

ÞJÓNUSTA

STJÓRNSÝSLA

ÍBÚAGÁTT



Á HEIMASÍÐU OKKAR

gogg.is

ER HÆGT AÐ LESA ALLAR FUNDARGERÐIR
SVEITARSTJÓRNAR OG NEFNDA

SÍMANÚMER HJÁ GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPI

Skrifstofa	480 5500
Kerhólsskóli	480 5520
Sundlaug	480 5530
Áhaldahús	480 5531
Félagsheimili	480 5535



FUNDARGERÐ.

443. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 7. nóvember 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Karl Þorkelsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 17. október 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 17. október 2018 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 15. fundar samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 9. október 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 16. fundar samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 22. október 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 25. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. október 2018.

Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 25. fundargerð æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 17. október 2018. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Breytingar þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2019.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur um álagningu gjalda og gjaldskrárbreytingar.

18. Fjárhagsáætlun 2019-2022, fyrri umræða.

Fyrir liggja drög að fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir fjárhagsárin 2019 – 2022 sbr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 var farið yfir hverja deild fyrir sig og hún skoðuð ítarlega með tilliti til þess hver áætlun var vegna 2018 og staða deildarinnar eftir 10 mánuði. Þessar forsendur voru svo aðlagðar aðstæðum.

Við mat á útsvarstekjum var stuðst við upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, upplýsingum úr bókhalda sveitarfélagsins og íbúðapróun en vísbendingar eru um að íbúðasamsetning í sveitarfélaginu leiði ekki til mikilla breytinga á útsvarstekjum. Útsvarsprósenta er sú sama og árið 2018 eða 12,44%.

Fasteignaskattur er byggður á upplýsingum um álagningastofn frá Þjóðskrá Íslands og prufukeyrslu úr Fasteignaskrá. Álagningarprósenta fasteignaskatts er sú sama og árið 2018. Ekki eru áætlaðar tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að flestar gjaldskrár verði óbreyttar, gjaldskrá hitaveitu, vatnsveitu, gatnagerðargjalda, Félagsheimilisins Borgar, sorphirðu, sorpeyðingar og seyrulosunar. Einnig munu dagvistunargjöld leikskóladeildar Kerhólsskóla og frístundar verða óbreytt.

Einstaka liðir í gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar Borgar verða lækkaðir og mótuneytisgjöld barna í Kerhólsskóla og eldri borgara með lögheimili í sveitarfélaginu verða felld niður.

Ekki er gert ráð fyrir lántökum vegna fjárfestinga á árinu né sölu eigna.

Sveitarstjórn vísar áætluninni til annarrar umræðu.

12. Gjaldskrá mötuneytis, verði eftirfarandi:

Gjaldfrjálst verði fyrir börn Kerhólsskóla og eldri borgara með lögheimili í sveitarfélaginu í mötuneyti Kerhólsskóla.

Hádegisverður, starfsmanna 510 kr.

Hádegisverður, kostgangara 1.150 kr.

13. Gjaldskrá fyrir Félagsheimilið Borg, verði óbreytt:

Veislur:

Fermingar – afmæli, dagveislur 70.000 kr.

Brúðkaup – afmæli, kvöldveislur 90.000 kr.

Ættarmót, öll helgin 145.000 kr.

Ættarmót, sólarhringur 70.000 kr.

Fundir:

Kaffistofa 25.000 kr.

Stóri salur 40.000 kr.

Allt húsið 55.000 kr.

Ráðstefnur, námskeið o.p.h. 55.000 kr.

Annað:

Leiga fyrir innansveitarfólk 23.000 kr.

Leiga á húsi pr.klst 5.000 kr.
lágmarkstímar eru 5 klst.

Dansleikir samningsatriði

Dúkaleiga, pr. dúk 1.250 kr.

Staðfestingargjald, óafturkræft er 30% af gjaldskrá.

Mál nr. 2: Hugarflæði með tómstunda- og félagsmálafulltrúa.

Til að efla menningarstarfsemi sveitarfélagsins mun æskulýðs- og menningarmálanefnd standa fyrir viðburði er nefnist Pub-Quiz. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að áður nefndur viðburður verði haldinn.

d) Fundargerð 47. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 22. október 2018.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 47. fundargerð atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 22. október 2018. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Dagatal.

Atvinnumálanefnd óskar eftir heimild sveitarstjórnar fyrir að gefa út þjónustudagatal Grímsnes- og Grafningshrepps 2019. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að þjónustudagatal fyrir árið 2019 verði gefið út.

e) Fundargerð 165. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 31. október 2018.

Mál nr. 11, 12 og 15 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 165. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 31. október 2018. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 11: 1810021 - Bjarkarbraut 26 (L169174); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús – viðbygging.

Fyrir liggur umsókn Þrastar Sverrissonar og Heiðu Bjarkar Sturludóttur, dags. 27. september 2018 um byggingarleyfi til að byggja við sumarhús á lóðinni Bjarkarbraut 26 (L169174) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð sumarhúss eftir stækkun verður 97 m².

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir viðbyggingu á Bjarkarbraut 26 með fyrirvara um grenndarkynningu.

Mál nr. 12: 1810033 - Minni-Bær land (L169227); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús.

Fyrir liggur umsókn Jónínu Haraldsdóttur dags. 10. október 2018 um byggingarleyfi til að flytja sumarhús 71,2 m² á lóðina Minni-Bær land (L169227) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi veiti byggingarleyfi fyrir sumarhúsinu að Minni-Bæ L169227. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu. Breyta þarf skráningu landsins í Þjóðskrá Íslands úr ræktunarlandi í sumarbústaðaland skv. gildandi aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps.

Mál nr. 15: 1810003F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 88.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. október 2018.

f) Fundargerð 29. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 17. október 2018.

Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 29. fundargerð Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, dags. 17. október 2018. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Gjaldskrá og upphæð fjárhagsaðstoðar.

Fyrir liggur tillaga að gjaldskrá og upphæð fjárhagsaðstoðar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings fyrir árið 2019. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu.

g) Fundargerð oddvita vegna reksturs Seyrustaða á Flúðum, 31. október 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 2. fundar stjórnar Laugaráslæknishéraðs, 29. október 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð aðalfundar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 30. október 2018.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram aðalfundargerð oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn

10. Gjaldskrá dagvistargjalda í leikskóladeild Kerhólsskóla, verði óbreytt:

4 klst. vistun	12.965 kr.
4,5 klst. vistun	14.587 kr.
5 klst. vistun	16.206 kr.
5,5 klst. vistun	17.828 kr.
6 klst. vistun	19.456 kr.
6,5 klst. vistun	21.069 kr.
7 klst. vistun	22.691 kr.
7,5 klst. vistun	24.311 kr.
8 klst. vistun	25.933 kr.
8,5 klst. vistun	27.554 kr.
9 klst. vistun	29.174 kr.

Systkinaafsláttur reiknast eingöngu af grunngjaldi og verður 50% fyrir annað barn og 100% fyrir þriðja og fjórða barn.

Afsláttur einstæðra foreldra er 20%.

Afsláttur ef annað foreldri er í fullu námi er 20% en 40% ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

11. Gjaldskrá frístundar, verði óbreytt:

Fyrsta klukkustundin	450 kr. (innifalin hressing)
Hver klukkustund	300 kr.

Systkinaafsláttur er 25% fyrir annað barn, 50% afsláttur fyrir þriðja barn og 100% afsláttur fyrir fjórða barn.

Afsláttur einstæðra foreldra er 20%.

Afsláttur ef annað foreldri er í fullu námi er 20% en 40% ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

Þreksalur:

Stakt skipti	1.500 kr.
10 miða kort	11.000 kr.
30 miða kort	21.000 kr.
Árskort	35.000 kr.

Íþróttasalur:

Fullorðinn – 60 mín.	1.500 kr.
Barn – 60 mín.	750 kr.
Hálfur dagur	12.000 kr.
Heill dagur	21.000 kr.

Sturta	700 kr.
Leiga á sundfatnaði	700 kr.
Leiga á handklæði	700 kr.
Handklæði og sundföt	1.000 kr.

Íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu er boðið upp á að kaupa árskort í sund, þreksal og íþróttasal.

Fullorðnir, 17-67 ára	8.000 kr.
Börn, 10-16 ára	3.500 kr.

Börn 0-9, ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá frítt í sund, þreksal og íþróttasal.

velferðarmála í Árneshöfði (NOS), dags. 30. október 2018. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Fjárhagsáætlun ársins 2019.

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða fyrir fjárhagsárið 2019. Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á rekstri frá áætlun liðandi árs. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu.

J) Fundargerð 3. fundar stjórnar Byggðasafns Árneshöfða, 18. október 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 4. fundar stjórnar Byggðasafns Árneshöfða, 30. október 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Starfssamningur oddvita.

Fyrir liggur starfssamningur við oddvita sveitarfélagsins út kjörtímabilið 2018-2022. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi starfssamning. Sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn fyrir hönd sveitarstjórnar.

4. Kauptilboð í land sveitarfélagsins úr Klausturhólum beggja vegna Biskupstungnabrautar.

Fyrir liggur kauptilboð í land sveitarfélagsins úr landi Klausturhóla, beggja vegna Biskupstungnabrautar. Á fundinn kom Guðmundur Rúnar Svavarsson og kynnti fyrirbyggjandi tilboð og hugmyndir af skipulagi svæðisins. Sveitarstjórn hafnar kauptilboðinu.

5. Samningur um persónuverndarfulltrúa.

Fyrir liggja drög að samningi við PwC um að Auðbjörg Friðgeirsdóttir annist verkefni persónuverndarfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps með vísan til laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og ákvæða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679. Samningurinn gildir til eins árs. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir samninginn.

6. Nýtt teppi á anddyri og kaffistofu Félagsheimilisins Borgar.

Á fundi sveitarstjórnar þann 17. október s.l. samþykkti sveitarstjórn, eftir íbúakönnun að keypt yrði rautt teppi á anddyri og kaffistofu Félagsheimilisins Borgar. Við pöntun kom í ljós að teppið er ekki lengur fáanlegt og ný lína komin á markað. Þau munstur og litir sem eru í boði eru alls ekki sambærilegir þeim sem um var kosið og vegna breyttra forsendna vísar sveitarstjórn málinu aftur til húsnefndar til endanlegrar afgreiðslu.

7. Héraðsdómur Suðurlands, dómur nr. E-65/2018 Grímsnes- og Grafningshreppur gegn Hallfríði Kristinsdóttur og Hlyni Þór Björnssyni.

Sveitarstjórn samþykkir að áfrýja til Landsréttar dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 8. október 2018 í máli nr. E-65/2018 (Grímsnes- og Grafningshreppur gegn Hallfríði Kristinsdóttur og Hlyni Þór Björnssyni) en málið varðar hvort heimfærsla sumarhúss sem var skráð fyrir heimagistingu á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald á árinu 2017 undir gjaldflokk c-liðar 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga hafi verið lögmæt. Í dóminum var komist að þeirri niðurstöðu að borið hefði að heimfæra fasteignina undir gjaldflokk a-liðar 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995.

Álagning fyrir árin 2017 og 2018 verður ekki leiðrétt á meðan beðið er niðurstöðu æðri dómstóla.

Sveitarstjórn samþykkir að haga álagningu fasteignaskatts á árinu 2019 á fasteignir innan sveitarfélagsins sem skráðar eru fyrir heimagistingu á grundvelli framangreindra laga, í samræmi við framangreinda dómniðurstöðu, með því skilyrði að gerður verði fyrirvari um réttmæti álagningarinnar, á meðan beðið er niðurstöðu æðri dómstóla um lögmæti álagningar Grímsnes- og Grafningshrepps í framangreindu dómsmáli. Það skal áréttað að með framangreindri tilhögun á álagningu fasteignaskatts fyrir árið 2019 felst ekki viðurkenning á lögmæti niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, enda álagning gerð með skýrum fyrirvara.

Smári Bergmann Kolbeinsson greiddi atkvæði gegn áfrýjun málsins.

Húsgerð	Hlutfall	Einingarverð/m ² m.v. hámarksnýtingar hlutfall kr.*
Einbýlishús með	8,5%	15.386 kr.
Parhús með/án bilgeymslu	7,5%	13.575 kr.
Raðhús með/án bilgeymslu	7,0%	12.670 kr.
Fjölbýlishús með/ án bilgeymslu	4,0%	7.240 kr.
Verslunar-, þjónustu- og annað húsnaði	3,5%	6.335 kr.
Iðnaðarhúsnaði	3,0%	5.430 kr.
Hesthús	3,0%	5.430 kr.
Gróðurhús o.fl.	1,0%	1.810 kr.

*Verð breytist með byggingarvísitölu, viðmið 580,2 stig í janúar 2013.

Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins (181.006 kr./m², byggingarvísitala 580,2 stig fyrir janúar 2013).

9. Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar Borgar, verði eftirfarandi:

Sund:	fullorðnir, 17-67 ára	börn, 10-16 ára
Stakt skipti	950 kr.	450 kr.
10 miða kort	5.000 kr.	2.500 kr.
30 miða kort	13.000 kr.	6.500 kr.
Árskort	35.000 kr.	17.500 kr.

Mælagjald á mánuði:

C1 Stærð mælis/hemils DN 15 1.228 kr.

C2 Stærð mælis/hemils DN 20 1.756 kr.

C3 Stærð mælis/hemils DN 25 2.170 kr.

C4 Stærð mælis/hemils DN 32 2.588 kr.

C5 Stærð mælis/hemils DN 40 3.006 kr.

C6 Stærð mælis/hemils DN 50 4.113 kr.

D. Stofngjöld

Íbúðarhús allt að 300m³ og gróðurhús allt að 200m³ kr. 655.777 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 250 kr/m³.

Vélageymslur og gripahús allt að 300m³ kr. 381.202 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 250 kr/m³.

Fyrir sumarhús er stofngjaldið kr. 655.777.

Gjald fyrir auka mælagrind er kr. 97.864.

Auk stofngjaldsins sem að framan greinir skal greiða kr. 4.909 fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.

E. Önnur gjöld

Lokunargjald verður kr. 18.387 og auka álestur kr. 8.653.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 15.000 án vsk á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

7. Lóðaleiga, verði 1% af lóðamati.

8. Gatnagerðargjöld, verði óbreytt.

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

8. Brennu- og skoteldaleyfi.

Fyrir liggur beiðni frá Hjálparsveitinni Tintron um brennu- og skoteldaleyfi fyrir áramótabrennu og flugeldasýningu á Borg þann 31. desember n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita brennu- og skoteldaleyfi með því skilyrði að gengið verði frá svæðinu eftir notkun þess.

9. Beiðni um skólastyrk frá Árna Kristni Skúlasyni.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Árna Kristni Skúlasyni til að stunda nám við Lýðháskólann á Flateyri. Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðninni með vísan til reglna um nemendastyrki sveitarfélagsins.

10. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Stangarbraut 22, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 29. október 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Stangarbraut 22, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

11. Bréf frá Persónuvernd þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort sveitarfélagið hafa tilnefnt persónuverndarfulltrúa fyrir sveitarfélagið og minna á að tilkynna hann til stofnunarinnar.

Fyrir liggur bréf frá Vigdísu Evu Líndal og Ásbirni U. Valsteinssyni f.h. Persónuverndar, dagsett 10. október 2018 þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort sveitarfélagið hafa tilnefnt persónuverndarfulltrúa fyrir sveitarfélagið og minna á að tilkynna hann til stofnunarinnar. Oddvita falið að svara erindinu í samræmi við bókun í lið nr. 5.

12. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið taki ákvörðun um rétta skráningu þeirra eigna sem fylgja með bréfinu.

Fyrir liggur bréf frá Birtu Austmann Bjarnadóttur f.h. Þjóðskrár Íslands, dagsett 25. október 2018 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið taki ákvörðun um rétta skráningu þeirra eigna sem fylgja með bréfinu. Oddvita og sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

- 13. Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna í Ásgarði lóð 168305, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna í Ásgarði lóð 168305, dagsett 29. október 2018 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

- 14. Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna að Réttarhálsi 6, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna að Réttarhálsi 6, dagsett 11. október 2018 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

- 15. Bréf frá Lilju Alfreðsdóttur, mennta-og menningarmálaráðherra og Guðrúnu Nordal, forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar þar sem minnt er á dag íslenskrar tungu, þann 16. nóvember n.k.**

Fyrir liggur bréf frá Lilju Alfreðsdóttur, mennta-og menningarmálaráðherra og Guðrúnu Nordal, forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar þar sem minnt er á dag íslenskrar tungu, þann 16. nóvember n.k. Bréfið lagt fram til kynningar.

- 16. Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundi Inga Guðbrandssyni þar sem kynnt er XI umhverfising þann 9. nóvember n.k.**

Fyrir liggur bréf frá Guðmundi Inga Guðbrandssyni Umhverfis- og auðlindaráðherra, dagsett 25. október 2017 þar sem kynnt er að ellefta Umhverfisingið verði haldið föstudaginn 9. nóvember n.k. í Reykjavík. Bréfið lagt fram til kynningar.

- 17. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti drög að nýrri reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.**

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti drög að nýrri reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.

- 18. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða, 20. mál.**

Fyrir ný skipulagða fristundabyggð sem tengjast skal vatnsveitu sveitarfélagsins skal landeigandi greiða kr. 45.000 fyrir hverja lóð á skipulagi fyrir lagningu stofnlagnar.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 15.000 án vsk á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

Gjaldskráin miðast við að heimtaug í sumarhús sé 20mm. Velji menn 25mm heimtaug tvöfaldast tengigjaldið og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar.

- 6. Gjaldskrá hitaveitu, verði óbreytt frá fyrra ári:**

5. gr. A, B, C, D og E-liður gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps er þannig:

*A. Hemlagjald (varmagjald):
Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sersamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lámaksstilling er 3,0 l/mínútu.*

Hemlagjald fyrir hvern mínútulíter á mánuði er kr. 2.576.

B. Eldri samningar

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn er gjald fyrir hvern mínútulíter kr. 2.297 á mánuði.

C. Rúmmetragjald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 122,50.

Sumarbústaður sem er með mæli og greiðir skv. rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða sem nemur kr. 7.728 á mánuði, sbr. A-liður 5. gr.

Sorpeyðingargjald:

Íbúðarhúsnæði 21.000 kr.

Frístundahúsnæði 17.713 kr.

Lögbýli 10.269 kr.

Fyrirtæki 34.362 kr.

Gjaldfrjálst verður á gámastöð fyrir allt að 3 m³ vikulega.

Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð, miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m³ 5.000 kr.

5. Gjaldskrá vatnsveitu, verði óbreytt frá fyrra ári:

Vatnsskattur eigna í fasteignaskattsflokki A, lögbýli/einbýlishús, verði 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 50.000 á hverja eign/hús.

Vatnsskattur eigna í fasteignaskattsflokki A í skipulagðri frístundabyggð verði 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 65.000 og lágmarksálagning verði kr. 25.000 á hús.

Vatnsskattur eigna í fasteignaskattsflokki C verði 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 170.000 á hverja eign/hús.

Tengigjöld vatnsveitu (stofngjöld) fyrir frístundahús og íbúðarhús verða kr. 480.965.

Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða kr. 714.385.

Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 25.000.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

19. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um skráningu og mat fasteigna (ákvörðun matsverðs), 212. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

20. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna afnáms um uppreist æru, 222. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 191. stjórnarfundar 31.10. 2018.
- ✓ SASS. Fundargerð 538. stjórnarfundar 17.10 2018.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 864. stjórnarfundar, 10.10 2018.
- ✓ SÍBS blaðið, 3. tbl. 34. árg. 2018.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, ársskýrsla 2017.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:10





FUNDARGERÐ.

444. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 21. nóvember 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 7. nóvember 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 7. nóvember 2018 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 166. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 14. nóvember 2018.

Mál nr. 11, 12 og 20 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 166. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 14. nóvember 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 11: 1811010 - Björk lóð L203819; Björk; Breytt skráning lóðar.

Fyrir liggur umsókn Ingibjargar Harðardóttur og Björns Snorrasonar um breytingu á skráningu íbúðarhúsaloðarinnar Björk lóð 203819. Óskað er eftir að lóðin fái heitið Björk.

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda:

Fjárhæðir að 25.000 eru með einn gjalddaga 1. maí, 25.001 -90.000 eru með 5 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. júlí og 90.001 og yfir verði með 7 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. september.

3. **Seyra**, seyrulosunargjald vegna kostnaðar við seyrulosun/ fráveitukerfi verði óbreytt frá fyrra ári, kr. 10.098 á hvert íbúðarhús, sumarhús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotþró eða vera tengt viðurkenndu fráveitukerfi.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og verður það 0,23% af fasteignamati húss.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennisslislagna frá lóðarmörkum við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 211.750.

4. **Sorp**, álagning vegna sorphirðu og sorpeyðingar fyrir heimilisorp verði óbreytt frá fyrra ári:

Sorphirðugjald:

Ílátastærðir	Grátunna	Blátunna	Græntunna
240 L ílát	17.364 kr.	7.532 kr.	7.532 kr.
360 L ílát	25.920 kr.	11.160 kr.	11.160 kr.
660 L ílát	50.104 kr.	23.054 kr.	23.054 kr.
1.100 L ílát	82.343 kr.	37.265 kr.	37.265 kr.
1.700 L ílát	127.500 kr.	52.700 kr.	52.700 kr.
3.000 L ílát	216.000 kr.	93.000 kr.	93.000 kr.
8.000 L ílát	576.000 kr.	248.000 kr.	248.000 kr.

15. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í húsnæðismálum, 5. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

16. Staða fjárhagsáætlunar 2018.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2018 eftir fyrstu 10 mánuði ársins.

17. Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2019.

Fyrir liggja tillögur að gjaldskrár og álagningu gjalda vegna ársins 2019.

1. Útvarshlutfall árið 2019 verði óbreytt 12,44%.

2. Fasteignaskattur A, 0,475% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bilageymslur, geymslúhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Afsláttur er af fasteignaskatti íbúðarhúsa til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign. Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Til tekna teljast bæði launatekjur og fjármagnstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambylisfólks.

Tekjumörk vegna afsláttar ársins 2019 eru eftirfarandi:

Tekjur einstaklinga	Tekjur hjóna	Niðurfelling
Allt að 3.390.000	Allt að 5.098.000	100%
Milli 3.390.001 – 3.958.000	Milli 5.098.001 – 5.867.000	75%
Milli 3.958.001 – 4.520.000	Milli 5.867.001 – 6.644.000	50%
Milli 4.520.001 – 5.087.000	Milli 6.644.001 – 7.418.000	25%

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins. Ingibjörg Harðardóttir vék sæti við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 12: 1811019 - Öldubýggð 38; Bygging Igloo húss á lóð; Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Jóns Ingileifssonar um hvort heimilt verði að reisa á lóð nr. 38 í Öldubýggð svonefnt Igloo hús. Um er að ræða hringlaga hús þar sem neðri hluti úthrings er steypdur og ofan á vegg komi kúlulaga hús úr gleri og stáli.

Sveitarstjórn telur að þessi tegund húss samræmist ekki skilmálum gildandi deiliskipulags svæðisins og verði því að breyta skilmálum skipulags ef Igloo hús eiga að fá að rísa á svæðinu.

Mál nr. 20: 1811001F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 89.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. nóvember 2018.

b) Fundargerð 56. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 14. nóvember 2018.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 56. fundargerð stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., dags. 14. nóvember 2018. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Fjárhagsáætlun 2019. *Fyrir liggur tillaga að fjárhagsáætlun embættisins fyrir fjárhagsárið 2019 og farið yfir forsendur áætlunarinnar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu.*

3. Aðalfundur Rangárbakka, þjóðarleikvangs íslenska hestsins ehf.

Fyrir liggur bréf frá stjórn Rangárbakka, þjóðarleikvangs íslenska hestsins ehf., dags. 13. nóvember 2018 um að aðalfundur félagsins verði haldinn þriðjudaginn 27. nóvember n.k. í Rangárhöllinni á Gaddstaðflötum við Hellu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Bjarni Þorkelsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum.

4. Beiðni um rekstrarstyrk vegna rekstrarársins 2019 frá Stígamótum.

Fyrir liggur bréf frá Þórunni Þórarinsdóttur f.h. Stígamóta, dagsett 31. október 2018 þar sem óskað er eftir fjárstyrk til reksturs samtakanna á árinu 2019. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

5. Beiðni um rekstrarstyrk vegna rekstrarársins 2019 frá Samtökum um kvennaathvarf.

Fyrir liggur bréf frá Brynhildi Jónsdóttur f.h. Samtaka um kvennaathvarf, dagsett 2. október 2018 þar sem óskað er eftir styrk til reksturs samtakanna árið 2019 að fjárhæð kr. 100.000. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

6. Bréf frá Guðjóni Á. Sigurðarsyni formanni Félags sumarhúsaeigenda í Kerengi þar sem óskað er eftir samstarfi við sveitarfélagið vegna brunamála í Kerengi.

Fyrir liggur bréf frá formanni Félags sumarhúsaeigenda í Kerengi, dagsett 14. nóvember 2018 þar sem óskað er eftir samstarfi við sveitarfélagið um kaup, uppsetningu og tengingu á brunahana í Kerengi. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

7. Bréf frá Agli Péturssyni f.h. formanns Úrskurðarnefndar um upplýsingamál þar sem óskað er eftir gögnum vegna kæru á synjun um aðgang að gögnum.

Fyrir liggur bréf frá Agli Péturssyni f.h. formanns Úrskurðarnefndar um upplýsingamál, dagsett 12. nóvember 2018 þar sem óskað er eftir gögnum vegna kæru Sigríðar B. Þórðardóttur um synjun sveitarstjórnar á upplýsingum um álögð fasteigna- og sorphirðugjöld fyrir árin 2016-2018. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að svara erindinu.

8. Bréf frá Þjóðskrá Íslands, landupplýsingadeild, þar sem óskað er eftir landfræðilegum gögnum til samræmdrar birtingar í kortavefsjá.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, landupplýsingadeild þar sem óskað er eftir landfræðilegum gögnum til samræmdrar birtingar í kortavefsjá. Sveitarstjórn vísar erindinu til Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.

9. Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt

fasteignamat eigna að Hesti lóð 13, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna að Hesti lóð 13, dagsett 31. október 2018 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna að Réttarhálsi 7, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna að Réttarhálsi 7, dagsett 6. nóvember 2018 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá Sigrúnu Guðmundsdóttur og Eiríki Benónýssyni, f.h. reikningsskila- og upplýsinganefndar þar sem kynntar eru leiðbeinandi verklagsreglur um viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Sigrúnu Guðmundsdóttur og Eiríki Benónýssyni f.h. reikningsskila- og upplýsinganefndar, dagsett 7. nóvember 2018 þar sem kynntar eru leiðbeinandi verklagsreglur um viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.

12. Birt til umsagnar frá Forsætisráðuneyti drög að stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum.

Birt er til umsagnar frá Forsætisráðuneyti drög að stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum. Lagt fram til kynningar.

13. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (brottfall kröfu um ríkisborgararétt), 45. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

14. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og lögum um málefni aldraðra (búseturéttur aldraðra, öryggisíbúðir), 40. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.